



Skafthell

**MIÐSTÖÐ
MYNDLISTAR Á
AUSTURLANDI**



Ársskýrsla forstöðumanns fyrir árið 2009

Árið 2009 fór í gang með hefðbundnum hætti. Starfseminni óx þó fiskur um hrygg með fjölgun gestavinnustofa og markvissum skrefum í útpenslu fræðslumála. Svo einkennilega vill þó til að þetta gerist þrátt fyrir samdrátt í fjárhag þar eð hið fræga hrun fjármálakerfisins á Íslandi olli því að fjármögnun gekk ekki samkvæmt áætlun. Forstöðumaður þurfti því að minnka við sig út 100% starfi í 50%. Þetta kom óneitanlega niður á starfseminni og olli því að mörg mál skriðu áfram á hraða snigilsins og urðu jafnvel að leggjast á hilluna. Örlitlar breytingar voru einnig gerðar á sýningadagskrá af þessum sökum. Hér á eftir fer greinagerð um verkefni ársins 2009:

Sýningahald var með nokkuð hefðbundum hætti, þó var sýningum í sal fækkað miðað við fyrri ár í sparnaðar skyni og er það mat undirritaðrar að það hafi ekki komið að sök. Í sal voru 3 boðs-sýningar og tvær nemendasýningar. Verkefni í Bókabúð og á Vesturvegg voru 22. Eftirfarandi sýningar/verkefni fóru fram á árinu:

Salur:

Vesturveggurinn/Bókabúð:

Kippuhringur

Útskriftarnemar Listaháskóla Íslands
og Dieter Roth Akadémían
Bergdís H. Guðvarðardóttir
E. Silfá H. Þorgrímsdóttir
Haraldur Sigmundsson
Kolbrún Ýr Einarsdóttir
Malina Cailean
Marie-Louise Andersson
Steven Ladouceur
Una Baldvinsdóttir

The Thirteenth Day

Ben Langley
Jessica Langley

Staðir

Kristján St. Jónsson

Ljós og skuggar

Nemendur 7. – 10. bekkjar
Seyðisfjarðarskóla

Fjallahringur Seyðisfjarðar

Garðar Eymundsson

Rithöfundalestin 2009

Björn Þorláksson
Hjálmar Jónsson
Ingunn Snædal
Sölvi Björn Sigurðsson

700.is Hreindýraland – vídeófestival

Nikolas Grabar - **Moving**

Ólöf Björk Bragadóttir - **Dúett**

Marta María Jónsdóttir

Helgi Snær Ómarsson

Karna (Kristín Arna Sigurðardóttir)

og Þórunn Gréta Sigurðard. - **Hér.e**

Ólafur Þórðarson - **Hagræðingar**

Hildur Yeoman - **Heaven and Hell
are just one breath away**

Sandra Mjöll Jónsdóttir

Svavar Pétur Eysteinnsson – **Ekki meir**

Nemendur Seyðisfjarðarskóla – **Hús**

Hiryczuk/Van Oevelen - **Senur**

fengnar að láni

Aðalheiður Eysteinsd. - **Sauðburður**

Olsen Wolf

Lunga 2009

Ryan Sullivan, Þór Sigurþórsson

og Þuríður Sigurþórsdóttir

Margrét Vilhjálmisdóttir o.fl.

Þórunn Hjartardóttir – **Leiðréttingar**

Aðalsteinn

Pétur Kristjánsson – **Kjallaraserían**

Ásdís Sif Gunnarsdóttir, Daníel

Björnsson, Hekla D. Jónsdóttir, Sirra S.

Sigurðardóttir - **Regnboginn**

Seyðisfjarðarskóli 3. – 4. bekkur undir

handleiðslu Hassan Harazi – **Ungur**

nemur gamall temur

Fræðslustarf Skaftfells skiptist í vinnu á þrem skólastigum:

Grunnskólar: Árlegt fræðsluverkefni til handa grunnskólunum á skólaárinu 2008 – 2009 var Fræðakistillinn, unnin með Tækniminjasafni Austurlands. Kistillinn er glæsilegur gripur, einskona ferðataska sem inniheldur ellefu verkefni er byggjast á rafmagni, segulsviði og ljósbroti. Kistillinn fór af stað í grunnskólana á Austurlandi á vorönn 2009 en sökum byltingar í þjóðfélaginu seinkaði gerð kistilsins um nokkra mánuði og því kláraði hann yfirreið sýna ekki fyrr en á haustmánuðum 2009. Kistlinum var ætlað að vekja forvitni nemendanna og opna augu þeirra fyrir skapandi hliðum eðlisfræði og vísinda. Honum var vel tekið og forsvarsmenn skólanna voru almennt mjög ánægðir með þessa viðbót í skólastarfið. Skaftfell mun halda ótrautt áfram að reiða fram árleg verkefni fyrir grunnskólana sem tengjast myndlist með einum eða öðrum hætti.

Framhaldskólar: Formlegt samstarf við framhaldskólana er ekki enn komið á en engu að síður komu nemendur listnámsbrautar Menntaskólans á Egilsstöðum í þó nokkrar sýningarheimsóknir þar sem forstöðumaður spjallaði við þá um sýningarnar. Áhugi er hjá báðum aðilum að byggja upp frekara samstarf.

Háskólar: Árlegt námskeið Listaháskóla Íslands, Dieter Roth Akadémíunar, Tækniminjasafnsins og Skaftfells fór fram með hefðbundnum hætti í lok febrúar, 8 nemendur, þar af 2 erlendir gestanemar dvöldu við vinnu á Seyðisfirði í 2 vikur undir handleiðslu Björns Roth og Kristjáns Steingr. Jónssonar. Dvölinni lauk svo með sýningu í Skaftfelli. Á árinu var einnig tekin ákvörðun um að ráðast í gerð námskeiðs fyrir mastersnema í myndlist við erlendar akademíur. Námskeiðið er byggt á námskeiði LHÍ og DRA og unnið með Dieter Roth Akadémíunni. Undirbúningur og fjármögnun fóru af stað á haustdögum og von er til að fyrstu hópar komi í Skaftfell haust 2010.

Gestavinnustofa Skaftfells fékk liðsauka þegar gengið var frá samningi við Arnald Birgisson, son Birgis Andréssonar heitins um rekstur gestavinnustofu á vegum Skaftfells að Vesturvegi 4. Hóll, en svo heitir húsið, er í eigu Andrésson ehf. Fyrstu gestirnir komu í byrjun júní og gestavinnustofan var strax full bókuð út árið. Dvalargjöld eru talsvert hærrí en í Skaftfelli en að öðru leiti eru skilmálar þeir sömu. Í ljósi þess hve ásókn í gestavinnustofurnar tvær er mikil telur undirrituð að full ástæða sé til að skoða möguleikana á að bæta við einni í viðbót. Gestavinnustofa Skaftfells og Hóll eru báðar full bókaðar út árið 2010 og fjölda umsækjanda var hafnað, þar af mörgum mjög áhugaverðum listamönnum.

Geirahús komst í góðar hendur við stofnun miðstöðvar menningarfræða en starfsmaður stofnunarinnar, Árný Bergsdóttir leggur 25% starfskrafta sinna í Skaftfell. Árný hefur því tekið að sér að undirbúa og fjármagna endurbætur, varðveislu og kynningu á Geirahúsi í samtarfi við Skaftfell og Tækniminjasafn Austurlands.

Á Seyði 2009 var í höndum Skaftfells eftir að Seyðisfjarðarkaupstaður gerði þjónustusamning við Skaftfell um umsjón með viðburðadagatalinu. Kaupstaðurinn greiðir Skaftfell 500.000 fyrir umsjón með viðburðadagatalinu og gengur sá reikningur ágætlega upp. Þessi tilhögun gekk mjög vel og verður því haldið áfram með þessum hætti.

Rekstur Skaftfells á árinu 2009 stóðst nokkurnvegin áætlun að undanskilinni breytingu á starfshlutfalli forstöðumanns en hlutfallið fór úr 100% niður í 50% frá 1. apríl og út árið. Fjármögnun var erfið sökum aðstæðna í fjármálalífi landsins, allt hækkaði í verði og einkaaðilar áttu enga aura í styrki. Skaftfell var tilnefnt til Eyrarósarinnar á árinu en hlut ekki verðlauni, þó fylgdi tilnefningunni lítill styrkur og nokkrir flugmiðar sem kom sér vel. Aðrir styrkir voru hefðbundir en flestir í lægri kantinum. Menningarsjóður félagsheimila var lagður af og því engir aurar fánlegir í ferðakostnað listamanna og var því tekið stórt skref afturábak í samskiptum við listamenn þar sem þeir þurftu flestir að fjármagna sjálfir ferðir sínar á árinu.

Það er alveg ljóst að þörf er á innspýtingu í rekstrarfé Skaftfells. Sem fyrr er öflun verkefnastyrkja nokkuð trygg en fjármagn til reksturs fasteignarinnar, s.s viðhalds, hita- og rafmagns kostnaðar og fasteignagjalda er ekki nægjanlegt. Launakostnaður og almennur rekstrarkostnaður tekur einnig til sín stóran skerf og þyrfti raunar mun meira fé í þann lið til að hægt væri að sinna öllum verkefnum svo vel sé. Aukið rekstrarfé er það sem hvað mikilvægast er að afla á komandi ári til viðbótar við stofnfé svo bæta megi húsakost Skaftfells en starfsemin er fyrir löngu búin að sprengja utan af sér húsnæðið. Síðustur ár hefur Skaftfell verið eins og útþanin blaðra, tilbúið að takast á við stærri verkefni og umfangsmeiri starfsemi, það eina sem vantar er fjármagn til að styðja þessa útpenslu – fjölgun starfsfólks og aukið húsnæði.

Pistill forstöðumanns. Skaftfell er mikilvægur póstur í faglegri uppbyggingu á listum, fræðslu og samvinnu á sviði myndlistar á Austurlandi. Þetta er löngu orðið ljóst og því einkennilegt hversu treglega hefur gengið að fá viðurkenningu á þessu þegar kemur að úthlutun fjármagns sem ætlað er til menningar uppbyggingar á Austurlandi. Þetta er mjög miður og undirrituð hefur ákveðnar grunsemdir um að þetta byggist að einhverju leiti á hreppapólitík sem hefur lítið með raunverulega menningaruppbyggingu að gera. Skaftfell hefur alla burði til að þjóna hlutverki sínu gagnvart fjórðungnum og verða máttug burðarstoð í menningaruppbyggingu Austurlands – þetta mun þó ekki verða að veruleika fyrr en fjárhagslegt öryggi er tryggt. Það er skylda ríkis og sveitarfélaga að setja fé í uppbyggingu á menningu og tryggja íbúunum aðgengi að faglega unnum listum. Útdeiling þeirra fjármuna verður að vera unnin faglega með forsendur listarinnar og hagsmuni íbúanna að leiðarljósi. Lífsgæði felast meðal annars í því að allir þegnar þjóðarinnar hafi aðgang að vönduðu menningarstarfi í nágrenni við heimili sitt. Austurland er eitt samfélag, samfélag í hundruða kílómetra fjarlægð frá þjóðmenningar stofnunum landsins, því er fagleg uppbygging á menningarmiðstöðvunum fjórum á Austurlandi gríðarlega mikilvæg til þess að halda uppi háu stigi fagmennsku og tryggja aðgengi að vönduðum listum í víðu samhengi. Það er vissulega mikilvægt að styðja við þá menningu sem upp sprettur innan fjórðungsins en það er ekki síður mikilvægt að passa að tengingarnar út fyrir fjórðung og út fyrir landsteinana séu sterkar og vandaðar. Austfirðingar eiga rétt á að hafa góðan aðgang að listum í alþjóðlegu samhengi, sér til upplýsingar, örvunar og upplýftingar.

Annars er framtíðin björt. Afköst á árinu 2009 voru góð að teknu tilliti til aðstæðna og mikilvæg ferli varðandi fræðslustarf og rekstur gestavinnuaðstöðu fóru af stað og munu væntanlega leiða til útvíkkunar á starfseminni á komandi árum. Samvinna við systurstofnanir Skaftfells, miðstöð sviðslista og miðstöð tónlistar, fór af stað á árinu og útlit er fyrir að í kjölfar þess muni vægi þeirra allra á fjórðungsvísu verða meira áberandi. Það er einlægur ásetningur undirritaðrar að vinna áfram að því að fylgja eftir þeirri jákvæðu þróun sem hefur átt sér stað á árinu 2009 og halda áfram að leggja áherslu á fræðslustarfsemi og uppbyggingu þess samfélags listamanna sem Skaftfell er.

Seyðisfirði 4. febrúar 2010
Þórunn Eymundardóttir